

1866.

26. sept.

Möðruvalla klausturs kirkju, þar sem hann skýrir frá, að bændurnir í Möðruvalla klausturs sókn hafi kostað 250 ríkisdöllum til viðarflutninga að kirkjunni, og af því þeim naumast verði gjört að skyldu að hafa allan þenna kostnað einsamlir, hefir hann sókt um, að borga megi helminginn af honum, 125 rd., úr sjóði kirkjunnar. Þær hafð nú bæði bedið um samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær hafð leyft að borga megi 95 rd. af kostnaði þessum úr sjóði kirkjunnar, og líka skotið til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort ástæða sé til að láta kirkjuna taka að sér ennþá meira af flutningskostnaðinum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þær birtið það og gjörið ráðstafanir þær sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að borga megi bændunum helminginn af kostnaði þeim, sem hér ræðir um, alis 125 rd., úr Möðruvalla klausturs kirkjusjóði.

29. sept.

79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir að flytja svenskan sjómann úr Skagafjarðar sýslu til Reykjavíkur, og þaðan til Kaupmannahafnar.

Í skjali, sem hingað hefir borizt, hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi farið fram á, að stjórnarráðið skipi svo fyrir, að bæjarfógetinn í Reykjavík fái endurgoldna úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins 111 rd. 24 sk., sem hann hefir borgað til viðurværis handa svenskum sjómanni, Oskari Karlssyni, í Reykjavík veturinn 1864 og 1865, og fyrir að flytja hann til Kaupmannahafnar; hafði hann verið sendur til Reykjavíkur úr Skagafjarðar sýslu. Stiptamtmaðurinn hefir þar að auki sent stjórnarráðinu bréf frá yður, herra amtmaður, til sín, dagsett 4. janúarmán. þ. á., þar sem þær hafð færzt undan að greiða fé þetta, af því að málefnið að yðar hyggju alls ekki ná til jafnaðarsjóðs norður- og austurumdæmisins.

Um leið og þess skal getið, að úkvarðanirnar í 4—1—9 í

norsku lögum, smbr. opið bréf 11. marzmán. 1818 og tilskipun 4. ágústmán. 1824 ekki eiga við um það tilfelli, sem hér ræðir um, og er það nóg ástæða til þess, að skipið, sem sjómaðurinn var á, ekki var í öðru landi, heldur í höfn, sem heyrir undir Danmerkur ríki, skal yður til vitundar gefið um þetta yður til leiðbeiningar, að með því að sýslumaðurinn í Skagafjarðar sýslu hefir látið taka sjómann þann, sem um er rædt, fastan, og flytja hann til Reykjavíkur sem bandingja, og skorað á bæjarfógetann í Reykjavík að sjá um, að hann yrði fluttur alla leið til Kaupmannahafnar og fenginn í hendur lögreglustjóranum þar, þá á að endurgjalda bæjarfógetanum í Reykjavík kostnað þann, sem leidd hefir af veru mannsins í Reykjavík sem bandingja, og flutningi hans til Kaupmannahafnar, úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins; en jafnaðarsjóðurinn getur þá aptur krafizt endurgjalds hjá þeim, sem kynnu að vera álitnir skyldugir að greiða fè þetta. Þér eruð því beðnir, herra amtmaður, að sjá um, að þessir 111 rd. 24 sk. verði endurgoldnir Árna Thorsteinssyni, bæjarfógeta, sem fyrst, úr jafnaðarsjóði umdæmisins.

1866.

29. sept.

80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um verðlaun handa Jóni bónda Þorsteinssyni á Fossi fyrir jarðrækt.

29. sept.

Nú er stjórnarráðinu hefir borizt bréf yðar, herra amtmaður, dagsett 16. júlímán. þ. á. og skýrslur þær, sem því fylgdu, um jarðabætur Jóns bónda Þorsteinssonar á Fossi í Staðarsveit í Húnavatnssýslu, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hefir ekki neitt á móti því, að þér hafið veitt Jóni þessum Þorsteinssyni 25 rd. úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, sem verðlaun fyrir dugnað hans.